

INNAN  
RÍKIS  
RÁÐUNEYTI  
ÁRSRIT  
2015



**Innanríkisráðuneytið – Ársrit 2015**

Útgefandi: Innanríkisráðuneytið

Júní 2016

Netfang: [postur@irr.is](mailto:postur@irr.is)

Ábyrgðarmaður: Ragnhildur Hjaltadóttir

ISBN 978-9979-884-62-0



# EFNISYFIRLIT

	3
	4
	4
	5
	6
	6
	7
	7
	8
	8
	9
	9
	10
	11
	12
	13
	13
	14
	15
	15
	16
	16
	17
	18
	18
	19
	19
	19
	19
	21
	21
	21
	21
	22
	23
	23
	25
	25
	25
	28
	29
	30
	30
	31

## RAGNHILDUR HJALTADÓTTIR RÁÐUNEYTISSTJÓRI



Fyrsta ársrit innanríkisráðuneytisins lítur nú dagsins ljós. Fimm ár eru liðin frá stofnun ráðuneytisins við sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis 1. janúar 2011. Í ársritinu er fjallað um verkefni árið 2015 auk þess sem birt er ýmis tölfræði og samantekt um starfsemina þessi fyrstu fimm ár. Ritinu er ekki ætlað að vera yfirlit yfir öll verkefni heldur fyrst og fremst þau viðfangsefni sem hafist var handa við 2015 og helstu áföngum sem lauk á því ári.

Hlutverk ráðuneytisins er að móta samfélag sem byggist á nokkrum meginstoðum þar sem höfð eru að leiðarljósi jákvætt viðmót, úrlausn mála á grundvelli jafnræðis og þekkingar, forysta og yfirvegna í starfsháttum, virðing og traust í samskiptum og áreiðanleg og opin stjórnarsýsla.

Gildi innanríkisráðuneytisins mynda grunn að starfseminni en þau eru framsýni, mannúð og fagmennska. Gildin eru til marks um vilja til að hafa forystu um stefnumótun, að horfa til framtíðar og sýna víðsýni. Enn fremur tákna þau vilja til að þjóna íbúum landsins af alúð. Þá stendur fagmennska fyrir það að leyst sé úr málum á grundvelli jafnræðis, þekkingar og áreiðanleika.

Von mín er að ársritið sé upplýsandi og gefi góða mynd af því umfangsmikla og fjölbreytta starfi sem fer fram í innanríkisráðuneytinu.

Hér starfar samhentur hópur reynslu- mikilla og vel menntaðra starfsmanna og öll stefnum við að sama marki, að þjóna landsmönnum af skilvirkni og hagkvæmni.

# 1\_RÁÐUNEYTIÐ


Starfsemi innanríkisráðuneytisins spannar fjölmörg svið samfélagsins. Öryggi og réttindi almennings í víðum skilningi er kjarnaþáttur starfseminnar en verkefni eru ólík. Þar á meðal má nefna mannréttindi, persónuvernd, neytendamál, lýðræði, málefni þjóðkirkjunnar og annarra trú- og lífsskoðunarfélaga, löggæslu, ákærvald, dómstóla, samgöngur, fjarskipti, grunnskrár og upplýsingamál. Unnið hefur verið að stefnumótun í öllum málaflokkum þar sem finna má höfuðmarkmið, framkvæmd og framtíðarsýn. Stefnur birtast í hinum ýmsu áætlunum, þar á meðal á sviði samgangna, fjarskipta, löggæslu og upplýsingasamfélagsins.

## SKIPULAG RÁÐUNEYTIS

Innanríkisráðuneytið var stofnað 1. janúar 2011. Innanríkisráðherrar hafa verið þrír á fimm ára starfstíma ráðuneytisins:

Núverandi innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, tók við 4. desember 2014 af Hönnu Birnu Kristjánsdóttur en hún hafði gegnt embættinu frá 23. maí 2013. Fyrsti innanríkisráðherrann var Ögmundur Jónasson.


Við stofnun ráðuneytisins var ákveðið að tengja alla starfsemina saman og byggja upp nýtt ráðuneyti með sameiginlegasýn, skilgreint hlutverk, gildi og faglegan styrk. Starfsemi innanríkisráðuneytisins skiptist á eftirfarandi sex skrifstofur




## MÁLAFLOKKAR OG SKIPTING FJÁRMUNA

Árið 2015 var ráðstöfunarfé Stjórnarráðsins alls 563,3 milljarðar króna. Þar af fóru 76 milljarðar til innanríkisráðuneytisins eða 13,5%. Innanríkisráðuneytið er þriðja í röð ráðuneytanna yfir hæstu útgjöld til stofnana og málaflokka þess. Nánar má sjá hvernig fjármagnið skiptist milli helstu málaflokka ráðuneytisins.

Skipting fjármagns innan Stjórnarráðsins 2015




Skipting fjármagns milli helstu málaflokka innanríkisráðuneytisins 2015



## 2\_ÁHERSLUR & ÁRANGUR

Í þessum kafla er farið yfir verkefni sem unnið var að árið 2015. Einnig eru raktar ýmsar breytingar á stofnanaskipan sem hafa orðið á starfstíma ráðuneytisins. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða heldur staldrað við ýmis umfangsmikil verkefni.



### SAMEINING STOFNANA OG BREYTINGAR

Frá stofnun innanríkisráðuneytisins 2011 hefur stofnunum verið fækkað um 12 og uppbyggingu þeirra verið breytt. Viðamestu breytingarnar eru á sviði samgöngumála og hjá embættum lögreglu og sýslumanna. Meginmarkmiðið með breytingunum er að efla stofnanir og embætti og bæta þjónustu þeirra.

Rannsóknarnefndir flugslysa, umferðarslysa og sjóslysa voru sameinaðar árið 2013 í eina nefnd sem heitir Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Árið 2013 var samgöngustofnunum breytt með þeim hætti að fjórar stofnanir urðu að tveimur stofnunum, annars vegar Vegagerðin sem er framkvæmdastofnun og hins vegar Samgöngustofa sem er stjórnarsýslustofnun. Þær stofnanir sem runnu saman í þessar tvær voru: Flugmálastjórn Íslands, Umferðarstofa, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðin.

Embætti talsmanns neytenda var lagt niður í árslok 2013 og verkefni hans færð til Neytendastofu.

Embættum sýslumanna var fækkað og þau aðskilin frá lögregluembættum í ársbyrjun 2015.


Embætti sérstaks saksóknara var lagt niður í árslok 2015 og sett var á fót nýtt embætti héraðssaksóknara sem tók til starfa 1. janúar 2016.

Hér á eftir verður nánar greint frá tveimur síðast töldu breytingunum. Auk þess verður fjallað um undirbúning að umfangsmiklum breytingum á dómskerfinu, undirbúning að byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði og um kærunefnd útlendingamála sem tók til starfa í byrjun árs 2015.

## FÆKKUN LÖGREGLUUMDÆMA OG SÝSLUMANNSEMBÆTTA

Þann 1. janúar 2015 breyttust umdæmamörk og fjöldi embætta sýslumanna og lögreglustjóra. Umdæmi sýslumanna urðu 9 í stað 24 og umdæmi lögreglu urðu 9 í stað 15. Eru þetta umfangsmestu skipulagsbreytingar á embættunum á síðari áratugum. Með þessari nýskipan er komið til móts við kröfur um aðskilnað sýslumannsembætta og lögregluembætta með það að markmiði að móta öflugri stofnanir og gera þær hæfari til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Samhliða þessum breytingum hafa ýmis verkefni verið færð frá innanríkisráðuneytinu til embætta sýslumanna en í lögunum um breytingarnar var áskilið að samin yrði aðgerðaáætlun um mögulegan flutning verkefna frá Stjórnarráðinu til nýrra sýslumannsembætta.



## NÝTT EMBÆTTI HÉRAÐSSAKSÓKNARA

Skipað var í ný embætti héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara. Embættið tók til starfa 1. janúar 2016 og um leið var embætti sérstaks saksóknara lagt niður.

Embætti héraðssaksóknara fer með ákærvald á lægra ákærvaldsstigi, þ.e. ákærumeðferð sakamála og saksókn fyrir héraðsdómi. Þá skal það annast lögreglurannsóknir í skatta- og efnahagsbrotamálum, ásamt rannsóknum á brotum starfsmanna lögreglu, brotum gegn valdstjórninni og kynferðisbrotum. Héraðssaksóknari annast einnig móttöku tilkynninga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og endurheimt ólögmeats ávinnings af hvers kyns refsiverðri háttsemi í tengslum við lögreglurannsóknir við embætti héraðssaksóknara og lögreglustjóraembætta.



## ÞRIGGJA ÞREPA DÓMSKERFI

Nýtt dómstig, millidómstig, hefur verið í undirbúningi í ráðuneytinu og mikil áhersla verið lögð á að koma því í kring. Það mun leggja grunn að nýrri skipan dómstóla með þriggja þrepa dómskerfi og um leið nýjum málsmeðferðarreglum sem taka mið af hinni nýju skipan.

Gert er ráð fyrir að stofnaður verði nýr áfrýjunardómstóll sem verði nefndur Landsréttur og honum skipað milli héraðsdómstóla og Hæstaréttar Íslands, sem verður eftir sem áður æðsti dómstóll þjóðarinnar.

Meginmarkmið með breytingum á dómstólaskipaninni er í fyrsta lagi að tryggja endurskoðun á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar á áfrýjunarstigi þannig að alþjóðlegum kröfum um milliliðalaus sönnunarfærslu verði fylgt á áfrýjunarstigi í einkamálum og sakamálum.

Í öðru lagi er markmiðið að létta álagi af Hæstarétti Íslands og gera honum betur fært að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll. Í þriðja lagi er tilgangurinn með breytingunum að stuðla að vandaðri málsmeðferð í málum þar sem reynir á sérfræðileg atriði.

### Breytingar á stjórnslu dómstóla

Samhliða vinnu að millidómstigi hefur verið unnið að tillögum um grundvallarbreytingar á stjórnslu dómstólanna með það að markmiði að styrkja hana. Miðað er við að koma á fót stjórnslustofnun innan dómskerfisins, sem ber heitið dómstólasýslan, og er henni ætlað það hlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnslu dómstólanna allra. Stofnunin fengi víðtækara hlutverk en dómstólaráð sem yrði lagt niður.



## KÆRUNEFND ÚTLENDINGAMÁLA

Markmiðið með skipan kæruneftndar útrendingamála er að færa frá innanríkisráðherra almenna kæruleið vegna ákvarðana í útrendingamálum. Kæruneftndin er sjálfstæð stjórnslunefnd sem hefur sömu valdheimildir og ráðherra hafði til að úrskurða í kærumálum. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnslustigi. Úrskurðir sem varða efnisniðurstöðu eru birtir á vefnum [urskurdir.is](http://urskurdir.is). Með þessari breytingu er komið til móts við gagnrýni á fyrra skipulag að ráðuneytið endurskoði ákvarðanir Útrendingastofnunar. Nefndin tók til starfa 1. janúar 2015. Í árslok 2015 voru um 90% mála í vinnslu yngri en sex mánaða.

## STEFNUMÓTUN

Stefnur í málaflokkum ráðuneytisins eru útfærðar í aðgerða-áætlunum sem reglulega eru endurskoðaðar með tilliti til þarfa samfélagsins. Stefnur og aðgerðaáætlanir sem nú þegar eru í gildi eru: samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, stefna upplýsingasamfélagsins, almannavarna- og öryggisstefna og net- og upplýsingaöryggisstefna. Fleiri áætlanir eru í vinnslu, meðal annars réttaröryggisáætlun og enn aðrar eru í undirbúningi eins og áætlun um réttindi borgaranna.

## RÉTTARÖRYGGISÁÆTLUN

Á árinu var unnið að mótun réttaröryggisáætlunar. Réttarvörslukerfið er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins og réttaröryggi borgaranna er grundvöllur réttarríkis. Fjórir meginþættir réttarvörslukerfisins eru lögreglurannsóknir, ákærvald, dómstólar og fullnusta refsinga en fjölmargir fleiri gegna þar mikilvægu hlutverki, svo sem verjendur og réttargæslumenn.

RANNSÓKN LÖGREGLU

DÓMSTÓLAR

ÁKÆRVALD

FULLNUSTA

Mikilvægt er að aðgengi borgaranna og lögaðila að kerfinu sé tryggt, málsmeðferð sé skilvirk og réttlát og að fjölbreytileg og mannbætandi fullnustuúrræði séu til staðar.

Með réttaröryggisáætluninni er í fyrsta sinn unnið að heildstæðri áætlun um réttarvörslukerfið og framtíðarskipan þess, fjárveitingar tengdar við aðgerðir og langtímaáætlanir mótaðir fyrir kerfið og stofnanir þess. Samfélagslegt markmið áætlunarinnar er að tryggja réttaröryggi borgaranna í víðum skilningi með eftirfarandi meginmarkmiðum:

**Traust ríki til stofnana réttarvörslukerfisins.**

**Öryggi almennings, málsaðila, gagna og upplýsinga sé tryggt.**

**Aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður og málsmeðferðin vönduð.**

**Fjármunir ríkisins og málsaðila séu nýttir með hagkvæmum hætti.**

Haldinn var samráðsfundur með ýmsum forystumönnum innan réttarvörslukerfisins og fulltrúum fagfélaga innan þess. Efni fundarins var umfjöllun og umræða um meginmarkmið og aðgerðir og hafa ábendingar frá fundarmönnum verið hafðar til hliðsjónar við mótun áætlunarinnar og mælikvarða hennar.

### Áfangar á árinu

Nokkrir áfangar náðust á árinu 2015, sem stuðla eiga að því að ná meginmarkmiðum sem sett eru fram í réttaröryggisáætlun. Að framan hefur verið fjallað um nýtt embætti héraðssaksóknara og undirbúning að millidómstigi. Í kaflanum hér á eftir um almanna- og réttaröryggi er fjallað um öryggis- og þjónustustig lögreglu, nýtt fangelsi á Hólmsheiði og ný fullnustuúrræði. Hér verður aftur á móti sagt frá áfanga sem náðist við undirbúning að auknum rafrænum samskiptum réttarvörslukerfisins.

### Rafræn samskipti í réttarvörslukerfinu

Sem hluti af réttaröryggisáætlun var á árinu unnin greining á stöðu upplýsingakerfa og gagnasamskipta á milli stofnana réttarvörslukerfisins. Tillögur að úrbótum liggja fyrir og á næstu misserum verður unnið að því að færa ýmis atriði til betri vegar. Stefnt er að því að tengja upplýsingakerfi réttarvörslukerfisins saman með rafrænum hætti sem ætti að bæta yfirsýn og samfellu í málsmeðferð, auka hagkvæmni og skilvirkni, auðvelda tölfræðiúrvinnslu, lækka pappírskostnað og auka gagnaöryggi.



Fyrsta opinbera stefnan í almannavarna- og öryggismálum var samþykkt 24. júní 2015

### STEFNA Í ALMANNAVARNA- OG ÖRYGGISMÁLUM

Áherslur í almannavarna- og öryggismálum miða annars vegar að því að tryggja öryggi borgaranna gagnvart ógnum og hins vegar að tryggja svo sem kostur er að viðbragðskerfið sé vel skipulagt og samhæft svo unnt sé að bregðast við ólíkum aðstæðum vegna mismunandi ógna.

Fyrsta opinbera stefnan í almannavarna- og öryggismálum ríkisins, sem tekur til árána 2015–2017, var samþykkt í júní 2015 af forsætisráðherra á fundi almannavarna- og öryggismálaráðs. Stefnan miðar að því að tryggja heildarsýn yfir áhættuþætti og felur í sér megináherslur fyrir málefna svið almannavarna og 42 aðgerðir sem þykja nauðsynlegar og varða öryggi samfélagsins.

Stýrihópur hafði umsjón með gerð stefnunnar og umsagna var aflað í opnu samráðsferli. Með stefnunni er leitast við að tryggja viðbrögð við ógnum og kunnum áhættuþáttum og með því að meta hvernig þeir muni þróast. Er stefnan skýr og sveigjanleg til að greiða fyrir því að viðbrögð stjórnvalda við hættum verði skilvirk og áreiðanleg.

## STEFNA UM NET- OG UPPLÝSINGAÖRYGGI

Öruggt net- og upplýsingaumhverfi er ein af forsendum fyrir viðskipta- og tækniþróun. Efling net- og upplýsingaöryggis er verkefni sem enginn einn aðili í þjóðfélaginu getur tekið að sér. Til að ná sem mestum árangri verður að nálgast verkefnið á heildstæðan hátt og með samstilltu átaki sem flestra sem nýta net- og upplýsingatækni.

Stefna stjórnvalda í net- og upplýsingaöryggi fyrir tímabilið 2015 til 2026 ásamt aðgerðaáætlun 2015–2018 var samþykkt á árinu. Starfshópur innanríkisráðherra vann að mótun stefnunnar frá árinu 2013 og kynnti ráðherra hana í ríkisstjórn í apríl 2015. Lögð var áhersla á samráð við helstu hagsmunaaðila innanlands, ráðuneyti, opinberar stofnanir, fyrirtæki og samtök.

Stefnunni er ætlað að ná til verndar mikilvægra innviða samfélagsins og tryggja nauðsynleg viðbrögð vegna vaxandi netógnna sem steðja að stjórnvöldum, atvinnulífi og borgurum. Í stefnunni er að finna framtíðarsýn til 2026 um net- og upplýsingaöryggi og eru sett fram fjögur meginmarkmið:

### EFLD GETA

Almenningur, fyrirtæki og stjórnvöld búi yfir þeirri þekkingu, getu og tækjum sem þarf til að verjast netógnum.

### AUKINN STYRKUR

Efld geta til greiningar, viðbúnaðar og viðbragða eru lykilþættir til að mæta áföllum. Styrkur upplýsingakerfa samfélagsins og viðbúnaður verði aukinn þannig að þau standist samanburð við styrk upplýsingakerfa á Norðurlöndum og öryggi verði órjúfanlegur þáttur í þróun og viðhaldi net- og upplýsingakerfa.

### BÆTT LÖGGJÖF

Íslensk löggjöf sé í samræmi við alþjóðlegar kröfur og skuldbindingar á sviði netöryggis og persónuverndar og styðji nýsköpun og uppbyggingu þjónustu sem byggist á öryggi, t.d. hýsingu.

### TRAUST LÖGGÆSLA

Lögregla búi yfir eða hafi aðgang að faglegri þekkingu, hæfni og búnaði til að leysa úr málum er varða net- og upplýsingaöryggi.



Fyrsti fundur netöryggisráðs var haldinn 3. nóvember 2015

### Netöryggisráði komið á fót

Til að hrinda í framkvæmd og fylgja eftir stefnu í net- og upplýsingaöryggi var komið á fót netöryggisráði. Netöryggisráð er stjórnvöldum til ráðgjafar og hefur umsjón með framkvæmd stefnunnar.

Hlutverk ráðsins er einnig að samhæfa aðgerðir, einkanlega opinberar aðgerðir, og endurskoða árlega aðgerðaáætlun um net- og upplýsingaöryggi. Þá skal ráðið gera tillögu um forgangsröðun og fjármögnun verkefna og samhæfa aðgerðir eftir því sem ástæða þykir til. Einnig er ráðinu falið að mynda samstarfshóp um net- og upplýsingaöryggi að höfðu samráði við samtök hagsmunaaðila á sviði fjarskipta, fjármála, orku- og veitukerfa, samgöngumála, upplýsingatækni og heilbrigðismála.



## SAMGÖNGUÁÆTLUN

Unnið var að gerð samgönguáætlana á árinu, annars vegar til fjögurra ára 2015–2018 og hins vegar langtímaáætlunar til áráanna 2015–2026. Innanríkisráðherra leggur áherslu á eftirtalin sex atriði:

- Öryggi í samgöngum
- Flugsamgöngur innanlands
- Almenningssamgöngur á landi
- Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu
- Umhverfismál
- Þróun og uppbyggingu atvinnulífs


Meðal atriða í áherslum ráðherra er að unnin sé öryggisáætlun fyrir allar greinar samgangna. Í innanlandsflugi skuli horft sérstaklega til samþættingar á samgöngukerfi á landi og í lofti og hlutverk einstakra flugvalla og landingarstaða verði skilgreint og fjármunum forgangsraðað. Endurskoðuð verði aðkoma ríkisins að samningum um fjárstuðning við almenningssamgöngur bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda og hlutur vistvænna orkugjafa í samgöngum aukinn. Kannaðir verði áfram möguleikar á aðkomu einkaaðila við uppbyggingu og rekstur innviða og fýsileiki samstarfsverkefna einkaaðila og opinberra aðila.

Haldið var samgönguþing á árinu og fjallað um stefnu og áherslur langtímaáætlunarinnar. Flutt voru erindi um markmiðin og umhverfisáhrif, áhrif breyttrar lýðfræði á samgöngur, fjármögnun og samspil skipulagsstefnu og samgöngustefnu.



## FJARSKIPTI OG RAFRÆN ÞJÓNUSTA

Góðir samskiptainnviðir eru lykilatriði að því er lýtur að velferð, búsetugæðum og atvinnustarfsemi. Samkeppnishæfni landsvæða ræðst að miklu leyti af styrkleika þeirrar atvinnustarfsemi sem þar er stunduð og í nútímaþjóðfélagi ræðst hún sífellt meira af fjarskiptatækni. Í gildi er fjarskiptaáætlun sem endurskoðuð er reglulega.



### FJARSKIPTAINNVIÐIR

Meginverkefni fjarskiptasjóðs á árinu var að undirbúa hringtengingu ljósleiðara á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Fékk sjóðurinn meðal annars 300 milljóna króna framlag vegna þess verkefnis.

Eftir útboð hringtengingar ljósleiðara um Snæfellsnes var samið við Orkufjarskipti hf. um verkefnið sem átti lægsta tilboð af þremur í verkið eða 86 milljónir króna. Framkvæmdir hófust á árinu. Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum var boðin út í tveimur áföngum og var samið við Mílu ehf. sem átti hagstæðasta tilboðið í fyrri áfangann upp á 131 m.kr. Því verkefni lauk á árinu. Síðari áfanginn var boðinn út í árslok.

Starfshópur um verkefnið Ísland ljóstengt, landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða, skilaði ráðherra skýrslu í mars. Starfshópurinn vann síðan að frekari greiningu á áskorunum og útfærslu á tillögum á seinni hluta ársins. Meðal annars var kannað hvort unnt væri að vinna sameiginlega að ljósleiðaravæðingu heimila í dreifbýli á landsvísu og öðrum fyrirhuguðum veituframkvæmdum, svo sem ljósleiðaratengingum fyrir orkugeirann, lagningu rafstrengja og hitaveitu.

Þá hélt áfram samstarf fjarskiptasjóðs og Neyðarlínunnar um að koma upp umhverfisvænni orkugjöfum á fjarskiptastöðum sem áður fengu rafmagn frá dísilrafstöðvum.


## RAFRÆN ÞJÓNUSTA

Íslendingar hafa sett sér það markmið að vera í fremstu röð í nýtingu upplýsingatækni fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Með stefnu og framkvæmdaáætlun um upplýsingasamfélagið 2013–2016 vilja stjórnvöld í samvinnu við sveitarfélög leggja áherslu á rafræna stjórnslu og notkun upplýsingatækni hjá hinu opinbera.

Stefnt er að því að í svokallaðri Government usage mælingu World Economic Forum árið 2021 mælist Ísland með 6 stig af 7 mögulegum. Í dag er Ísland í 42. sæti af 143 með 4,5 stig. Mælikvarðinn sýnir hve mikið vægi upplýsingatæknin hefur í framtíðarsýn stjórnvalda, framboð á rafrænni þjónustu á netinu, árangur stjórnvalda í hagnýtingu tækninnar og áhrif hennar á samfélagið. Sem dæmi um verkefni sem unnið var að á árinu 2015 má nefna eftirfarandi:



Mikilvæg reynsla fékkst með tilraunum með rafrænar íbúakosningar. Með heimild í sveitarstjórnarlögum geta sveitarfélög efnt til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök málefni. Árið 2015 fóru fram tvennar rafrænar íbúakosningar í tilraunaskyni, hjá Sveitarfélaginu Ölfusi í mars og hjá Reykjanesbæ undir lok ársins.



Haustið 2015 stóð innanríkisráðuneytið fyrir úttekt á vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga í sjötta sinn og er verkefnið unnið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmið könnunarinnar, sem gerð hefur verið annað hvert ár, er að bæta öryggi opinberra vefja og eiga niðurstöðurnar að sýna þróun þeirra með tilliti til innihalds, nytsemi, aðgengis, þjónustu og lýðræðislegrar þátttöku.

### Úttekt á öryggi opinberra vefja

Í fyrsta sinn var gerð úttekt á öryggi 256 opinberra vefja ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið er að afla upplýsinga um stöðu þeirra og stuðla að auknu öryggi. Upplýsingar eru ekki birtar opinberlega, þær verða einungis aðgengilegar þeim sem vinna að úttektinni og forsvarsmanni/vefstjóra viðkomandi ráðuneytis, stofnunar eða sveitarfélags.




Auk framangreindra úttekta voru árið 2015 haldin námskeið fyrir vefstjóra opinberra vefja og þeim veitt ráðgjöf um hvernig best sé að standa að umbótum. Stuðst er við vefhandbók sem er í stöðugri þróun og má nálgast á ut-vefnum.



## SAMGÖNGUR

Í þessum kafla er greint frá helstu áföngum í samgöngumálum á árinu 2015 og árangri sem náðst hefur í almenningssamgöngum. Eins og gefur að skilja nær umfjöllunin eingöngu til lítils brots af þessum umfangsmikla málaflokki.

Myndin sýnir samgöngukerfið í heild og hvernig það er samofið í svokallað grunnnet samganga.



## ÁFANGAR Á ÁRINU

Meðal áfanga í samgönguframkvæmdum sem fagnað var 2015 má nefna að tekinn var í notkun endurbyggður 16 km kafla á Vestfjarðavegi milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði en unnið hefur verið að uppbyggingu Vestfjarðavegar undanfarin ár. Lokaáfanginn í verkinu er kafla vegarins um Gufudalssveit sem er í undirbúningi.

Þá var sprengt í gegn í Norðfjarðargöngum í september en framkvæmdir hófust haustið 2013. Göngin eru yfir 7 km löng auk vegskála. Gert er ráð fyrir að gangagerðinni og tilheyrandi vegagerð ljúki árið 2018. Göngin leysa af hólmi fjallveginn milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og göngin um Oddsskarð í yfir 600 metra hæð.

Unnið var að breikkun Hringvegarins yfir Hellisheiði, Kjósarskarðsveg, Álftanesveg og eru þau verk langt komin. Áfram var unnið við Dettifossveg og hafin vinna við vegina um Kaldadal, Uxahryggi og Arnarnesveg. Hönnun nýrrar Vestmannaeyjaferju lauk á árinu og gert er ráð fyrir að smíði hennar verði boðin út í kjölfarið.


Helstu verkefni á flugvöllum voru endurnýjun lendingaljósa á Vopnafjarðarflugvelli og Gjögri auk þess sem bundið slitlag var lagt á Gjögurflugvöll. Þar með eru allir áætluðarflugvellir landsins komnir með bundið slitlag.

Fjárheimildir til vegagerðar og annarra sviða samganga drógust mikið saman í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 en hafa undanfarin ár verið nokkuð stöðugar. Viðsnúningur var á árinu 2015 þegar fjárheimildir til veg framkvæmda jukust töluvert eins og eftirfarandi mynd sýnir.

## Fjárheimildir til vegagerðar

Verðlag fjárlaga 2015 (m.kr)

- Almennur rekstur, styrkir og önnur verkefni
- Þjónusta
- Viðhald
- Framkvæmdir






## ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Rekstrarfyrirkomulagi almenningssamgangna hefur verið breytt enda þjónaði áratuga gamalt kerfi sérleyfa ekki lengur þörfum samfélagsins. Farþegum hafði fækkað jafnt og þétt og á mörgum leiðum áætlunarbíla voru farþegar iðulega örfáir og stundum engir. Með breytingunni var sett það markmið að efla samgöngur með áætlunarbílum um landið allt. Landshlutasamtök sveitarfélaga tóku að sér að bjóða út leiðir og Vegagerðin annaðist samningagerð fyrir hönd ríkisins. Leiðakerfi milli svæða var samræmt og innanbæjarakstur sveitarfélaga felldur inn í samninga þar sem við átti.

Fjöldi farþega í Strætó á höfuðborgarsvæðinu í október ár hvert



### Tólf milljón farþegar með Strætó

Á árinu ferðuðust um 12 milljónir farþega með Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu. Hefur farþegum fjölgað síðustu árin um 5% á ári. Samkvæmt samningi ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um almenningssamgöngur og uppbyggingu göngu- og hjólastíga greiðir ríkið nú árlega 900 milljónir króna. Markmiðið með samningnum er að tvöfalda hlutdeild þeirra og draga úr samgöngukostnaði.

## ALMANNA- OG RÉTTARÖRYGGI

Margar af stofnunum innanríkisráðuneytisins vinna að því að tryggja öryggi í samfélaginu og viðbragð á hættustund. Á árinu 2015 náðust ýmsir áfangar á þessu sviði. Að framan hefur verið fjallað um fækkun embætta lögreglu, stofnun embættis héraðssaksóknara, vinnu við mótun réttaröryggisáætlunar og stefnu í almannavarna- og öryggismálum. Hér á eftir fer umfjöllun um örfáa áfanga sem náðust á árinu.

## ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTUSTIG LÖGREGLU

Í fyrsta skipti var fjármunum til lögregluembætta ráðstafað á grundvelli viðamikillar greiningar á öryggis- og þjónustustigi lögreglu sem ráðuneytið vann í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Intellecta. Var viðbótarfjármagni sem fékkst til löggæslumála varið í samræmi við niðurstöður greiningarinnar.

Í fyrsta skipti var fjármunum til lögregluembættar ráðstafað á grundvelli viðamikillar greiningar á öryggis- og þjónustustigi lögreglu sem ráðuneytið vann í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Intellecta. Var viðbótarfjármagni sem fékkst til löggæslumála varið í samræmi við niðurstöður greiningarinnar.


Helstu forsendur að baki greiningunni voru ýmsar breytingar í umhverfi lögreglunnar og þá hafa lykilmælikvarðar einnig verið endurskilgreindir í tengslum við gerð löggæsluhluta réttaröryggisáætlunar. Helsta breytingin í umhverfi lögreglunnar á síðustu árum er að hættustig hérlendis, tengt hryðjuverkum og stórfelldum árásum, var frá árinu 2015 metið í meðallagi en hafði árin á undan verið metið lágt. Aukinn fjöldi ferðamanna veldur auknu álagi við landamæri og hefur það áhrif á önnur verkefni lögreglu þar sem fólksfjöldi eykst. Íbúum hefur auk þess fjölgað og þá helst á höfuðborgarsvæðinu. Aðrir þættir sem lágu að baki greiningunni var stærð umdæma, ferðamannastaðir, sumarhúsabyggð og áhersla á að vinna á markvissari hátt að rannsókn brota sem tengjast kynferðismálum og heimilisofbeldi.

Öryggisstigið var mælt út frá eftirfarandi þáttum: Áhættumati (hættustig í landinu), áhættugreiningu í lögregluumdæmum, öryggistilfinningu lögreglumanna og áhættuskoðun almannavarna.

Fjárframlög til lögreglu hafa aukist á undanförunum árum eins og eftirfarandi mynd sýnir.

## Fjárheimildir lögregluembættar

verðlag fjárlaga 2015 (m.kr.)



## AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI EFLDAR

Peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra var flutt til embættis sérstaks saksóknara á miðju árinu og eflað til muna. Jafnframt skipaði innanríkisráðherra stýrihóp til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hlutverk hans er að fara yfir og bæta úr þeim athugasemdum sem alþjóðlegi framkvæmdahópurinn Financial Action Task Force, FATF, hefur gert í úttekt sinni á stöðu þessara mála hérlendis. Hefur umbótum þegar verið hrint í framkvæmd.

Þrenns konar aðgerðir hafa einkum bætt stöðu Íslands í baráttunni við peningabætti. Þær eru auk áðurgreinds flutnings peningabættisskrifstofunnar, samþykkt laga sumarið 2015 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og loks breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem tóku gildi í janúar 2016.



### NÝJAR BJÖRGUNARÞYRLUR

Endurnýja þarf þyrlukost Landhelgisgæslu Íslands á næstu misserum og fór þarfagreining fram á árinu. Tölfræðigreining á útköllum hjá þyrlusveit Landhelgisgæslunnar ásamt skilyrðum um viðbragðsgetu á sjó út fyrir 150 sjómílu bendir til að þrjár þyrlur af svipaðri stærð og Landhelgisgæslan hefur í dag sé fýsilegasti kosturinn. Heildarfjárfesting vegna kaupa á þremur þyrlum er áætluð um 13,9 milljarðar króna.

Kröfur um björgunargetu þyrla á sjó eru ráðandi við val á þyrlum. Þar er tekið mið af lögum um Landhelgisgæsluna sem skilgreinir starfssvæði sitt sem hafið umhverfis landið og afmarkast af efnahagslögsögu landsins og landgrunninu, auk úthafsins. Miðað er við að þyrlurnar hafi drægi til að fara 235 sjómílu frá strönd, þær geti tekið 10 manns um borð og náð til baka inn á eldsneytisstað. Með þessu móti er hægt að sinna leit og björgun með þyrlu innan allrar efnahagslögsögunnar. Með þremur stórum þyrlum á að vera mögulegt að tryggja örugga björgun með þyrlu a.m.k. 92% af árinu.



Mynd frá ÍAV.  
Ljós.

Guðmundur Hólmsteinnsson

### NÝTT FANGELSI Á HÓLMSHEIÐI Á LOKASTIGI

Nýtt fangelsi á Hólmsheiði leysir af hólmi kvennafangelsið í Kópavogi og Hegningarhúsið í Reykjavík, sem tekið var í notkun árið 1874. Allar götur síðan hefur ekki verið byggt sérhannað hús fyrir starfsemi fangelsis.

Í Hólmsheiðarfangelsi verða 56 fangarými. Þar verður sérstök deild fyrir kvenfanga og aðstaða fyrir afplánun skemmri fangelsisrefsinga og vararefsinga. Efnt var til samkeppni um hönnun hússins og hlutu Arkís arkitektar ehf. fyrstu verðlaun. Fyrsta skóflustungan var tekin í apríl 2013 og gert er ráð fyrir að starfsemin geti hafist á haustmánuðum 2016.

## SAMFÉLAGSPJÓNUSTA OG RAFRÆNT EFTIRLIT SEM FULLNUSTUÚRRÆÐI

Lagafrumvarp um fullnustu refsinga hafði verið í bígerð undanfarin ár en mælt var fyrir því á Alþingi á haustmánuðum 2015. Hefur það að geyma heildstæða löggjöf og er markmið þess að fullnusta refsinga verði örugg og skilvirk. Með fullnustu refsinga er leitast við að undirbúa dómþola fyrir virka þátttöku í samfélaginu og draga úr þeim skaða sem útilokun frá samfélaginu hefur í för með sér. Í ljósi vaxandi fjölda dóma og jákvæðrar reynslu af beitingu refsíúrræða utan fangelsa er leitast við að huga enn frekar að úrræðum af því tagi. Frumvarpið var samþykkt í mars 2016.


### RÉTTINDI EINSTAKLINGA

Réttindi einstaklinga eru viðtæk og snerta verkefni flestra ráðuneyta. Réttindi geta verið varin í stjórnarskrá, verið lögbundin og kveðið á um þau í alþjóðlegum mannréttindasamningum. Réttindi einstaklinga varða marga málaflokka innanríkisráðuneytisins en hér á eftir fer umfjöllun um valda þætti sem snerta útlendinga, sanngirnismætur og mannanöfn.


### MÁLEFNI ÚTLENDINGA

Með mjög mikilli fjölgun útlendinga sem leituðu hælís á Íslandi árið 2015 hefur allt verklag við afgreiðslu umsókna og meðferð útlendingamála verið endurskoðað. Bætt hefur verið við starfsmönnum hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála, viðtalsaðferðir endurskoðaðar og verkferlar samræmdir. Einnig hefur verið breytt fyrirkomulagi við skráningu umsókna og hefur tekist að ná málsmeðferðartíma niður í um 90 daga sem áður gat jafnvel verið allt að einu ári.

Fjöldi hælisumsókna á ári



Komið var á fót móttökumiðstöð í Hafnarfirði og er henni ætlað að vera komugátt fyrir alla hælisleitendur í upphafi málsmeðferðar. Nú fara allir hælisleitendur þangað fyrst eftir að umsókn þeirra um hæli er lögð fram. Þar hefur Útlendingastofnun einnig starfsaðstöðu og tekur fyrstu viðtöl við hælisleitendur til að skrá umsóknir þeirra. Að auki er þar unnið að því að finna þeim önnur búsetuúrræði. Starfsemin er í þróun en nú þegar hefur verið tryggt að alltaf er hægt að taka við hælisleitendum hvenær sem er sólarhringsins. Þar er jafnframt tryggt nauðsynleg heilbrigðisþjónusta.



Frá heimsókn í flóttamannabúðir haustið 2015. Myndina tók Erna Kristín Blöndal, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu. Með í för voru þingmennirnir Unnur Brá Konráðsdóttir og Óttarr Proppé og aðstoðarmaður ráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir. Hópurinn kynnti sér aðstæður fólks í flóttamannabúðum í Tyrklandi, Líbanon og á Sikiley.

### Aldrei fleiri hlotið vernd

Á árinu sóttu alls 355 einstaklingar um vernd og hafa þeir aldrei verið svo margir. Útlendingastofnun veitti 82 einstaklingum hæli eða aðra vernd. Flestir voru frá Sýrlandi en alls var fólki af 26 þjóðernum veitt vernd. Stærsti hópur umsækjenda var frá Albaníu.


### Heildarendurskoðun laga um útlendingamál

Viðamikil endurskoðun á lögum um útlendinga hefur staðið allt frá árinu 2013 sem nefnd þingmanna úr öllum flokkum vann ásamt sérfræðingum ráðuneytisins. Drög að frumvarpi voru kynnt í ágúst og síðan afhent innanríkisráðherra í desember eftir nokkrar breytingar.

Markmiðið var að tryggja mannúð, jöfnuð og skilvirkni við meðferð stjórnvalda í málefnum útlendinga, sem og að Íslendingar uppfylli alþjóðlegar og evrópskar skuldbindingar sem þeir hafa undirgengist. Einnig hefur verið leitast við að koma til móts við auknar kröfur um að auðveldara verði fyrir atvinnulífið að útvega sérhæft starfsfólk frá útlöndum í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu landsins á alþjóðlegum mörkuðum. Haft var samráð við sérfræðinga, háskólasamfélagið og notendur kerfisins. Fjölmarginir aðilar, stofnanir, hagsmunasamtök og mannréttindasamtök hafa komið að undirbúningi frumvarpsins.


Fjöldi flóttamanna í heiminum er gríðarlegur og aðstæður þeirra misjafnar. Sem dæmi má nefna að í borginni Gaziantep við landamæri Sýrlands eru fleiri flóttamenn en sem nemur heildarfjöldi Íslendinga. Í Líbanon eru tvær milljónir sýrlenskra flóttamanna og við það bætast 500 þúsund palestínskir flóttamenn. Í Líbanon búa fjórar milljónir manna.

### Niðurstaða efnismála



### Fjárheimildir: Útlendingamál og hælisleitendur

verðlag fjárlaga 2015 (m.kr.)





## **SAMRÁÐ UM ENDURSKOÐUN LAGA UM MANNANÖFN**

Um mitt árið opnaði ráðuneytið á vef sínum fyrir samráð við almenning um hvort endurskoða ætti mannanafnalög og um hugsanlegar breytingar á þeim. Í framhaldinu var gerð skoðanakönnun í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Niðurstaðan var sú að meirihluti þátttakenda eða 60% svarenda vildi að gildandi reglur um mannanöfn yrðu rýmkaðar. Tæp 20% voru hlutlaus en 20% svarenda voru andvígir því að reglur verði rýmkaðar. Næstu skref eru að setja fram tillögur að breytingum á lögum um mannanöfn.

## **SANNGIRNISBÆTUR**

Tengiliður vistheimila hjá innanríkisráðuneytinu hefur séð um framkvæmd við mat og greiðslu sanngirnisbóta til handa þeim sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á vist- eða meðferðarheimilum fyrir börn samkvæmt nánari skilgreiningu laga. Embætti sýslumanns á Norðurlandi eystra á Siglufirði úrskurðar um upphæð bóta fyrir þá einstaklinga sem sóttu um sanngirnisbætur og gátu einstaklingar jafnframt sótt um bætur beint til sýslumanns.

Þetta umfangsmikla verkefni hófst í október 2010 með ráðningu tengiliðar vistheimila og lauk öllum formlegum viðtölum um mitt ár 2015. Lokaskýrsla vistheimilaneftndar kom út í október 2011 en grundvöllur sanngirnisbóta eru þær skýrslur sem nefndin vann um 12 heimili sem börn voru vistuð á árin 1947–1994.

Eftirfarandi tölur gefa nokkra mynd af umfangi verkefnisins:

**Allt að 1.000 manns hafa sótt um sanngirnisbætur og hafa 98% umsókna farið í gegnum tengilið.**

**Yfir 4.000 tölvupóstar hafa borist með ýmsum erindum vegna vistheimila.**

**Símtöl eru um 3.000.**

**Kostnaður vegna verkefnisins er kominn fast að tveimur milljörðum króna.**

**Bætur eru skattfrjálssar og hafa ekki áhrif á aðrar bætur. Hámarksbætur eru um 6 milljónir króna.**

Með lagabreytingu árið 2015 var bætt við verkefnið mögulegum bótum vegna Landakotsskóla. Nánari tölulegar upplýsingar, skýrslugerð, frágangur einstaklingsmála og fleira munu því ekki liggja fyrir fyrr en við lok verkefnisins.

## **SVEITARSTJÓRNARMÁL**

Málefni sveitarstjórnarstigsins eru mörg á verkefnalista ráðuneytisins og skal það meðal annars hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum. Lýðræðisleg þátttaka íbúa í ákvarðanatöku sveitarfélaga, rafræn þjónusta, fjármál og efling sveitarfélaga eru meðal viðfangsefna.

## **STAÐA OG ÞRÓUN SVEITARSTJÓRNARSTIGSINS**

Staða og framtíð sveitarfélaga er stöðugt viðfangsefni í innanríkisráðuneytinu. Á árinu 2015 voru lögð drög að stefnumótun í málaflokknum undir heitinu Staða og þróun íslenska sveitarstjórnarstigsins. Markmiðið er meðal annars að efla sveitarstjórnarstigið með öflugri og stærri sveitarfélögum, breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lýðræðislegri þátttöku íbúa við stefnumörkun og ákvarðanatöku.


Með verkefninu er ætlunin að greina tækifæri og leiðir til að styrkja sveitarstjórnarstigið. Þá er ætlunin að bæta úr þeim ágöllum sem aðilar eru sammála um að séu fyrir hendi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, auk þess að bæta stjórnsýslu og samráð við íbúa.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga má bæta á mörgum sviðum og endurskoðuð sveitarstjórnarlög sem tóku gildi 2012, ný löggjöf á sviði opinberra fjármála og fleiri umbætur í opinberri stjórnsýslu geta eflt samráð stjórnsýslustiganna. Þá skapar þróun í rafrænum samskiptum ný tækifæri til samráðs milli stjórnsýslustiga en ekki síður á milli stjórnsýslustofnana og almennings.

Skipuð hefur verið verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og háskólasamfélagsins og er 20 manna bakhópur verkefnisstjórninni til ráðuneytis.

## Þróun á tekjum Jöfnunarsjóðs

(milljarðar króna)



## JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Umsvif Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa farið mjög vaxandi síðustu árin sem sést best af veltuaukningu hans. Tekjur sjóðsins voru 1,6 milljarðar króna þegar starfsemin var endurskoðuð árið 1990 á verðlagi þess árs en á síðasta ári voru þær kringum 38 milljarðar króna. Umvifin hafa aukist með nýjum verkefnum sem sjóðnum hafa verið falin, þar á meðal málefni fatlaðs fólks.

Árið 2015 lauk fjárhagslegu endurmati á málefnum fatlaðs fólks og í kjölfarið var ákveðið að auka framlög til málaflokksins um 1,5 milljarða króna. Var í lok ársins undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þjónustunnar og kveður það annars vegar á um hækkun á hlutfalli útsvarstekna sem renna til sjóðsins og hins vegar um hærra hlutfall skatttekna ríkissjóðs.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru annars vegar framlag ríkisins í sjóðinn og hins vegar hlutdeild hans í útsvarstekjum sveitarfélaga. Sjóðurinn fær jafnframt viðbótarframlög frá ríki vegna samkomulags um húsaleigubætur. Framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga vega misþungt í rekstri þeirra, enda er framlögum sjóðsins ætlað að mæta mismunandi aðstöðu þeirra og jafna þann mun. Vægi sjóðsins sem tekjustofn sveitarfélaga er allnokkurt en mjög mismunandi milli einstakra sveitarfélaga.

### 3\_\_UMBÆTUR & INNRA STARF

Í þessum kafla er yfirlit yfir þingmál og reglugerðir, upplýsingar um vefi ráðuneytisins, tölfræði um nefndir og ráð, skjalafjölda, starfsmenn og fjármál.

#### ÞINGMÁL


Lögð er áhersla á víðtækt samráð við gerð lagafrumvarpa bæði við hagsmunaaðila og almenning. Því eru frumvörp og þingsályktunartillögur jafnan birt á vef ráðuneytisins meðan á vinnslu þeirra stendur og gefst þar tækifæri til að veita umsögn.

Árið 2015 voru alls samþykkt 15 lagafrumvörp sem innanríkisráðherra lagði fram, 11 á vorþingi og fjögur á haustþingi. Þá voru 24 lagafrumvörp birt á netinu til samráðs og 33 reglugerðir og sjá má af meðfylgjandi myndum að málefni innanríkisráðuneytisins voru til umræðu á Alþingi í fjórðungi tilvika í dagskrárliðnum sérstakar umræður.

Meðfylgjandi súlurit sýnir annars vegar fjölda reglugerðardraga sem eru birt á vef ráðuneytisins til að leita samráðs við hagsmunaaðila og hins vegar fjölda þingmála sem leitað er samráðs um.


Framlögð og samþykkt frumvörp innanríkisráðuneytis á Alþingi

■ Framlögð frumvörp  
— Samþykkt frumvörp




Hlutfall innanríkisráðuneytis af samþykktum stjórnarfrumvörpum

■ Samþykkt alls  
— Samþykkt IRR







## Samráð



## Hlutfall innanríkisráðuneytis af svörum vegna munnlegra og skriflegra fyrirspurna frá Alþingi



## Hlutfall IRR af sérstökum umræðum á Alþingi



## FLUTNINGUR VERKEFNA

Ráðuneytið hefur sett sér markmið um að efla þjónustu og skilvirkni þannig að verkefnum sé sinnt af þeirri stofnun sem er best til þess fallin með tilliti til þekkingar og samlegðar verkefna. Til að stuðla að þessu var unnin greining á verkefnum ráðuneytisins sem leiddi til þess að á síðustu misserum hafa fjölmörg verkefni, sem talin eru falla betur að verkefnum stofnana ráðuneytisins eða annarra ráðuneyta, verið færð úr ráðuneytinu. Greiningin náði til 30 verkefna. Meðal þeirra verkefna sem færð hafa verið eru afgreiðsla ríkisborgaramála, lögmannaleyfi, fjársafnanir, skráning trúfélaga, nauðungarvistanir og þjónusta við gjafsóknarnefnd.

## ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGAR

Alls eru í gildi fimm árangursstjórnunarsamningar innanríkisráðuneytisins við stofnanir þess. Stefna ráðuneytisins er að ávallt séu í gildi slíkir samningar en þeir kveða á um ákveðin markmið og eftirfylgd. Gerðir hafa verið samningar við eftirfarandi stofnanir:

**Fangelsismálastofnun ríkisins**

**Póst- og fjarskiptastofnun**

**Neytendastofu**

**Landhelgisgæslu Íslands**

**Vegagerðina**

## UPPLÝSINGAMÁL

Ráðuneytið leggur ríka áherslu á að miðla upplýsingum til borgaranna og er það gert með ýmsu móti. Fréttum, skýrslum og öðrum upplýsingum um málefni og verkefni ráðuneytisins er komið á framfæri á vef ráðuneytisins og þar eru einnig birt drög að lagafrumvörpum og reglugerðum í því skyni að leita samráðs um efni þeirra. Þá stendur ráðuneytið fyrir kynningar- og umræðufundum um mál sem unnið er að.

Af þeim 222 fréttum sem birtust á vefnum árið 2015 voru yfir 50 sem snerust um drög að lagafrumvörpum og reglugerðum og nokkrar til viðbótar fjölluðu um samráð vegna tilskipana Evrópusambandsins. Næst flestar fréttir fjölluðu um samgöngumál og síðan má nefna fréttir um sveitarstjórnarmál, fjarskiptamál og útlendingamál.

Ráðuneytið stóð fyrir 11 fundum og málstofum á árinu. Má þar sem dæmi nefna fund um skipta búsetu barna sem búa á tveimur heimilum. Var þar fjallað um tillögur starfshóps sem falið var að kanna hvernig mætti jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna sem búa á tveimur heimilum. Meðal niðurstaðna hópsins er að setja þurfi nýtt heimildarákvæði í barnalög um þetta atriði. Þá var haldinn fundur þar sem kynnt voru drög að nýjum lögum um útlendinga, málstofa um mútur í erlendum viðskiptum og fleira, samráðsfundur um breytingar á lögræðislögum, fundur um flugöryggi í einkaflugi og frístundaflugi, þróun sveitarstjórnarstigsins og samgöngugæping og umferðarþing voru haldin snemma á árinu.

## VEFIR RÁÐUNEYTISINS

Innanríkisráðuneytið rekur nokkra vefi, auk ráðuneytisvefjanna á íslensku og ensku, svo sem stjornartidindi.is, reglugerd.is, urskurdir.is, kosning.is, jofnunarsjodur.is og fjarskiptasjodur.is auk ut-vefjarins sem rekinn er í samstarfi við forsætisráðuneytið. Þá hefur ráðuneytið falið sýslumanninum í Vík að annast útgáfu Lögbirtingablaðs og Alþingi sér um uppfærslu á rafrænu lagasafni samkvæmt samningi þar að lútandi milli innanríkisráðuneytisins og Alþingis.

Ýmsir vefir ráðuneytisins eru fjölsóttir eins og eftirfarandi upplýsingar frá Google Analytics bera með sér:

Vefur ráðuneytisins, innanrikisraduneyti.is, var heimsóttur tæplega 155 þúsund sinnum árið 2015 og skoðaðar voru ríflega 380 þúsund síður.

Árið 2015 voru tæplega 48 þúsund heimsóknir á enskan hluta vefjarins.

Vefurinn urskurdir.is fær yfir 80 þúsund heimsóknir á ári. Þar birta ráðuneytin úrskurði sína og álit, auk þess sem þar eru birtir úrskurðir margra kærunefnda og dómar Félagsdóms.

Mest sótti vefur ráðuneytisins er reglugerd.is, heildarsafn gildandi reglugerða, með tæplega 246 þúsund heimsóknir árið 2015.

Vefurinn stjornartidindi.is fær að jafnaði ríflega 11.500 heimsóknir á mánuði eða tæplega 140 þúsund á ári. Þar skal birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli og samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Stjórnartíðindi voru gefin út frá 1874–2005 á prenti en frá nóvember 2005 hefur útgáfa Stjórnartíðinda verið rafræn og réttaráhrif bundin við þá útgáfu.

**FRÓÐLEGT ER AÐ SJÁ HVAD  
ER MEST SKOÐAÐ Á VEF  
RÁÐUNEYTISINS**



Mest lesnu fréttirnar 2015:

Mest skoðuðu málaflokkarnir 2015:

Vefir ráðuneytanna eru allir í sama vefumsjónarkerfi og gott samstarf er milli ráðuneytanna í vefmálum, undir forystu forsætisráðuneytisins. Lögð er áhersla á að vefirnir séu til fyrirmyndar og skoraði vefur innanríkisráðuneytisins 90% eða hærra í þeim þáttum (aðgengi, innihald, nytsemi og þjónusta) sem mældir voru í könnuninni Hvað er spunið í opinbera vefi? árið 2015. Könnunin hefur verið framkvæmd annað hvert ár frá árinu 2005, sjá nánar á ut.is.

Á Google Analytics má einnig sjá áhugaverða þróun því heimsóknir á innanrikisraduneyti.is með sínum eða spjaldtölvum hafa aukist til muna á síðustu árum, eða úr 3,8% árið 2012 í 19,4% árið 2015.


### innanrikisraduneyti.is skor í úttekt




## NEFNDIR OG RÁÐ

Nefndir á vegum innanríkisráðuneytisins eru fastanefndir sem skipað er í samkvæmt lögum og tengjast einstökum verkefnum ráðuneytisins. Einnig starfa ýmsar úrskurðarnefndir á málavíði ráðuneytisins og nokkur fagráð um einstaka málaflokka. Sammerkt er með þessum nefndum og ráðum að ýmsir aðilar tilnefna fulltrúa til þessara verka. Þá skipar innanríkisráðherra einnig tímabundnar nefndir eða starfshópa sem falin eru sérstök viðfangsefni eða tillögugerð í tengslum við mál sem unnið er að í ráðuneytinu. Markmiðið er að undirbúa mál vel í samráði við þá sem búa yfir sérþekkingu á málefninu eða eiga hagsmuna að gæta. Hafin er kerfisbundin yfirferð á skipan og tilgangi nefnda og ráða ráðuneytisins í því augnamiði að auka hagkvæmni og skilvirkni.

### Fjöldi nefnda




### Fjöldi nefndarmanna



## Þróun

- Fjöldi innkominna erinda
- Fjöldi úrskurða



## KÆRUR OG ÚRSKURÐIR


Unnt er að kæra til ráðuneytisins flestar ákvarðanir sem teknar eru af stjórnvöldum sem undir ráðuneytið heyra. Leysir ráðuneytið úr þeim málum með úrskurði.


Efra súluritið sýnir fjölda kærumála og fjölda úrskurða á árunum 2012-2015. Fækkun á innkomnum kærumálum árið 2015 miðað við fyrri ár má rekja til breytinga á lögum um útlendinga þegar sett var á fót sjálfstæð kærunefnd í útlendingamálum sem tók til starfa 1. janúar 2015.

Neðra súluritið hér að neðan sýnir fjölda kærumála sem ráðuneytinu bárust árið 2015 og fjölda úrskurða á því ári eftir málaflokkum. Árið 2015 bárust ráðuneytinu 177 kærumál og úrskurðir á því ári voru 239.

## Innkomnar kærur og úrskurðir

- Innkomnar kærur 2015
- Úrskurðir 2015





### MÁLA- OG SKJALAFJÖLDI

Mála- og skjalafjöldi í ráðuneytinu er mikill. Frá stofnun ráðuneytisins 1. janúar 2011 hafa 21.500 ný mál verið skráð í málaskrá eða að meðaltali 4.300 á ári. Ný mál teljast meðal annars erindi sem berast ráðuneytinu, mál sem stofnað er til að frumkvæði ráðuneytisins og margvísleg verkefni sem unnið er að í ráðuneytinu. Fjöldi skjala hefur aukist gríðarlega undanfarin fimm ár. Á 20 ára tímabili voru tæplega 600 þúsund skjöl í málaskrá dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Fjöldi skjala á fimm ára starfstíma innanríkisráðuneytisins nálgast 300 þúsund, eða um helmingur þess sem áður nefnd ráðuneyti söfnuðu á 20 árum.


#### Próun í fjölda mála

- Lokið á árinu
- Ný á árinu
- Frá fyrri árum

### STARFSMENN

Fastráðnir starfsmenn innanríkisráðuneytisins voru 72 við lok árs 2015 og hefur fjölgað lítið eitt frá stofnun ráðuneytisins. Menntun starfsmanna er fjölbreytt og hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna hefur vaxið úr 75% í 89% á þessum fimm árum.

Flestir starfsmenn eru lögfræðingar eða 35% og næstflestir eru með próf í hagfræði eða viðskiptafræði eða 14%. Próf í stjórn málafræði hafa 13% starfsmanna og jafnmargir próf í öðrum félagsvísindum, 8% hafa prófgráðu í raunvísindum og 6% annars konar háskólamenntun. Þá eru 11% starfsmanna ekki háskólamenntaðir. Í ráðuneytinu eru 63% starfsfólks konur en 37% karlar.




## FJÁRMÁL

Á síðustu árum hafa fjárheimildir ráðuneytisins dregist saman. Hér á eftir má sjá þróun fjárveitinga til ráðuneytisins og skiptingu rekstrarkostnaðar árið 2015. Um 77% fjárheimilda er ráðstafað í greiðslu launa og 9% fer í húsnæðiskostnað.

### Þróun fjárheimilda aðalskrifstofu

verðlag 2015 (m.kr.)



### Skipting rekstrarkostnaðar 2015

